

Leiðbeiningar og punktar varðandi skráningar á AMÍ 2018

Skráningarfrestur er til 17:00 þriðjudaginn 12. júní 2018, sé skráð með Splash forritinu. Þau lið sem ekki nota Splash skulu skila skráningum í Excel formi eigi síðar en mánudaginn 11. júní. Í því skjali skal koma fram: Fullt nafn, kennitala, nr. greinar og heiti greinar, löglegur tími og hvenær og á hvaða móti tíminn náðist.

Mótastjóri fer þá yfir skráningar og sendir þær til baka til staðfestingar. Þú hefur þá sólarhring til þess að láta vita um leiðréttingar í skráningum, hafi eitthvað klikkað.

Gildir tímar eru frá 26. júní 2017 – 12. júní 2018.

Muna eftir proof of times!

Ef sundmaður á tíma undir lágmarki í 25m laug skal hann skráður á þeim tíma, frekar en 50m laugar tíma, skv. reglum SSÍ.

Keppendur geta einungis keppt í 6 einstaklingsgreinum til stiga.

Keppt verður í 6 hlutum yfir 3 daga. Mótið hefst föstudaginn 22. júní og lýkur seinnipart sunnudags 24. júní.

Undanþágur á lágörkum

Þau lið sem eiga færri keppendur en 4 með lágörk á mótið (ath. líka þau sem eiga enga keppendur með lágörk) mega bæta keppendum við, svo heildarfjöldi keppenda í einstaklingsgreinum frá liðinu verði ekki fleiri en 4. *Allir þessir keppendur mega synda 3 einstaklingsgreinar, óháð lágörkum.*

Þau lið sem eiga fleiri keppendur en 4 í einstaklingsgreinum geta ekki bætt nýjum keppendum við en þeir sem eiga lágörk í færri en 3 greinum mega bæta við sig greinum, óháð lágörkum, svo þau syndi að hámarki 3 greinar.

Öll lið mega skrá einstaklinga í boðsund, sama hvort viðkomandi sé með lágörk á mótið eður ei.

Umsókn um ofangreint þarf að berast mótastjóra SSÍ (email@iceswim.is) 15 dögum fyrir mót.

„4. grein


Lágörk á Aldursflokkameistaramótið eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágörk skulu gefin út í fyrir hvern árgang frá 11 ára til 17 ára. Stjórn SSÍ skal hafa tillögur þjálfaranefndar SSÍ og landsliðsþjálfara til hliðsjónar við þá ákvörðun.


Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ en fjóra mega sækja um að bæta við keppendum óháð lágörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega keppa í allt að þrem einstaklingsgreinum að eigin vali. Þeir keppendur á AMÍ sem ná lágörkum í færri greinum en þrem mega á sama hátt velja sér greinar til viðbótar án lágmarka til að ná keppni í þremur einstaklingsgreinum. Umsóknir um ofangreint skulu berast amk 15 dögum áður en mót hefst.

Keppendur geta mest keppt í sínum aldursflokki í 6 einstaklingsgreinum á mótinu auk boðsunda.“

Hér að neðan eru leiðbeiningar hvernig skráð er með Splash Team Manager.

- **Hvernig skal skrá einstaklingsund:** Þegar þú horfir á upphafsíðu Team Manager sérðu nöfn sundmanna vinstra megin og lista sundmóta hægra megin. Hafir þú þegar importað greinum AMÍ inn ættiru að sjá þar „Aldursflokkameistaramót Íslands 2018“ (oft stendur bara bæjarheiti þarna, þá þarf að stækka gluggann) og rautt **I** (invitation) fyrir framan. Hægri smelltu á mótið og smelltu svo á „Swimmers who reached time standards“. Þessi gluggi birtist (upplýsingar frá því í fyrra):



Fyrir miðju undir „Select members“ er hægt að velja hvaða sundmenn maður vill velja í úrtakið. Best er að vera með sitt lið valið vinstra megin á upphafsíðunni á Team Manager. Eins og sést á þessari mynd er eitt lið valið og textinn „Selection/order from main window“ gefur til kynna að forritið muni bara nota það lið. Sé þessi texti ekki er hægt að smella á þennan hnapp: 

Smelltu nú á „Preview“ (ekki ýta á „print“ nema þú viljir prenta strax) og þá færðu lista yfir þá sundmenn sem hafa náð lágmarkum á mótið. Tímar þeirra eru **feitiletraðir**. Mundu bara að sumsstaðar þar sem sundmaður er nálægt lágmarkinu, en þó ekki undir því, gæti tíminn birst á þessum lista, en þá skrifaður venjulega (ekki feitiletraðir).

Til að skrá svo þessa einstaklinga þarf að hægri smella á hvern og einn á upphafssíðu Team Manager og velja þær greinar sem viðkomandi á að synda. Það er gert með því að hægri smella á sundmann, velja „Edit individual entries“. Þá birtist þessi gluggi:

Meet - Edit individual entries										Reykjavík (ISL), 23.-25.06.2017, 25m	
entered for:		ID: 0408052730		Entry times with results from 27.06.2016						Correction entry time from result: 100%	
No.	Distance,Stroke	Age gr.	Entry time	EXH Bonus	Personal best (absolute)			Time standards			
					50m	25m	25y	slower than	faster than		
1	400 Freestyle	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	6:13.61	6:12.34	-	-	6:15.69
3	200 Backstroke	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	-	-	-	-	3:18.29
7	100 Breaststroke	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	1:58.41	1:43.46	-	-	1:45.89
9	200 Freestyle	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	2:48.76	2:54.17	-	-	2:58.09
17	100 Backstroke	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	1:33.71	1:34.33	-	-	1:35.29
19	800 Freestyle	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	-	-	-	-	13:14.21
23	200 Medley	0-17	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	3:13.57	3:17.03	-	-	3:21.69
25	100 Freestyle	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	1:16.53	1:19.91	-	-	1:21.29
31	100 Butterfly	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	1:26.20	1:35.83	-	-	1:35.29
33	200 Breaststroke	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	4:23.30	-	-	-	3:47.59
35	100 Medley	12-12	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	-	1:32.43	-	-	1:34.19

- Þegar skráð er með Team Manager frá Splash þarf að passa að tími sundmanns sé undir lágmarki. Forritið sýnir tíma sem græna þegar þeir eru undir lágmarkinu en gefur oft nokkur sekúndubrot eftir og gefur því tímum sem eru rétt yfir lágmarki grænt ljós. Þessir tímar eru oft merktir með 100%, en það er þá námundað. Þessir tímar eru **ekki** löglegir.

Hér er hægt að skrá sundmann í allar greinar sem viðkomandi er með lágmark í. Hægra megin sérðu lágörkin (grænt/rautt) – grænt þar sem tími viðkomandi er undir lágmarki en rautt þar sem tíminn er yfir. Bestu tíma sundmanns á lágmarkatímabilinu sérðu svo listaða fyrir miðju. Til þess að skoða hvaða lágörk hafa náðst í 50m laug velur þú „50m“ í valglugganum við hlið „Time Standards“.

- **Hvernig skal skrá boðsund:** Þegar Team Manager er opið og búið er að importa greinum AMÍ þangað er hægt að skrá boðsundssveitir. Betra er að skrá fleiri en færri sveitir þar sem alltaf er hægt að skrá sveitir úr seinna meir. Það sem þú gerir er eftirfarandi:
 - Þegar þú horfir á upphafssíðu Team Manager sérðu nöfn sundmanna vinstra megin og lista sundmóta hægra megin. Hafir þú þegar importað greinum AMÍ inn ættiru að sjá þar „Aldursflokkameistaramót Íslands 2018“ og raunt **I** (invitation) fyrir framan. Hægri smelltu á mótið og smelltu svo á „Edit Relay Entries“. Þar getur þú bætt við, breytt og eytt boðsundsskráningum. Ekki er þörf á að skrá tíma á boðsundssveitir þar sem reglur SSÍ kveða á um að boðsundssveitir á SSÍ mótum skuli ávallt skráðar á No Time.
 - Sé lið með sundmenn sem taka einungis þátt í boðsundum er hægt að skrá þá í sveitirnar. Þá koma þeir með skráningunum. Ef þetta er ekki gert þarf að skila nafni og kennitölu þeirra sem eiga einungis að taka þátt í boðsundum í Excel/Word skjali með skráningum.

- **Proof of times:** Þeir sem skrá í Splash verða að skila Proof of time með skráningum. Þegar þú hefur lokið við að skrá þitt fólk á mótið ferðu í aðalvalmynd Team Manager – passar að hafa AMÍ valið hægra megin og ferð í Meets – Print lists – Report by swimmers. Þá færðu þennan glugga:

Meet - Report by names

Akranes (ISL), 24.-26.06.2016, 25m

Printer name: Brother MFC-J6520DW Printer

Copies: 1 Properties Options

Entries 9 Individual invalids: -

Men / women separated print for swimmers: Swimmer ID Member No.

Relay swimmers

with city/date of entry time

List title: Sunddeild Míðasar - skráningar Amí 2016

Print Preview PDF HTML File Cancel

Hér passar þú að hafa hakað í allt eins og myndin sýnir hér að ofan og skrifar lýsingu á skjalinu neðst. Séu sundmenn í hópnum sem einungis eru skráðir í boðsund skaltu haka í „Relay swimmers“ líka. Smellir svo á PDF og sendir með skráningunum.

- **Senda skráningar:** Til að exporta skráningum ferðu í Meets – Export entries. Mundu að senda Proof of times með!

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að ná í mig í síma 659-1300 eða 663-0423. Einnig er hægt að senda mér póst á emil@iceswim.is

*Emil Örn Harðarson
Mótastjóri SSÍ*